

Ár 2009, föstudaginn 3. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör sérstaks saksóknara

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Um embætti sérstaks saksóknara gilda lög nr. 135/2008. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga skipar dómsmálaráðherra sérstakan saksóknara og skal hann veita embættinu forstöðu og ráða annað starfsfólk. Heyrir því undir kjararáð að ákveða honum laun og starfskjör.

II.

Kjararáði barst bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti dagsett 29. desember 2008 þar sem gerð var grein fyrir stofnun embættis sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða sem leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. nr. 125/2008, og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði. Í bréfinu segir að saksóknarinn skuli rannsaka grun um refsiverða háttsemi í þessu samhengi og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn. Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taki meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrot, þar með talið brota sem rannsökuð hafi verið af fjármálaeftirlitinu, samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins og vísað hafi verið til lögreglu. Hinn sérstaki saksóknari skuli fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Ákvæði laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taki ekki til saksóknarans og falli skipun hans niður þegar embættið verður lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun. Vakin er athygli á því að eftir 1. janúar 2011 geti dómsmálaráðherra lagt til við Alþingi, að fengnu álit ríkissaksóknara, að embættið verði lagt niður. Hinn sérstaki saksóknari hafi almennar heimildir lögreglustjóra og ákærvald. Staða hans skuli vera hliðsett stöðu héraðssaksóknara samkvæmt 18. gr. laga um meðferð sakamála. Ef háttsemi feli í sér önnur brot en þau sem hinn sérstaki saksóknari fari með samkvæmt 1. gr. taki ríkissaksóknari ákvörðun um það hvort hinn sérstaki saksóknari eða annar ákærandi skuli fara með það. Þá skuli hinum sérstaka saksóknara skylt að hlíta fyrir mælum ríkissaksóknara samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga um meðferð sakamála eftir því sem við geti átt.

Hinn sérstaki saksóknari mundi hafa stöðu forstöðumanns og ráða starfsfólk að embættinu. Gert sé ráð fyrir að fastir starfsmenn verði samtals níu, en þá sé ótalin aðkeypt sérfræðivinna, til dæmis vinna erlendra sérfræðinga.

III.

Kjararáð ritaði fjármálaráðuneytinu bréf hinn 29. desember 2008 þar sem ráðuneytinu var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum um launakjör hins sérstaka saksóknara. Í svari ráðuneytisins dagsettu 6. janúar 2009 sagði að ráðuneytið teldi eðlilegt að horft yrði til annarra embættismanna sem gegndu sambærilegum störfum.

Sérstakur saksóknari var skipaður í embættið frá 1. febrúar 2009. Með bréfi dagsettu 5. mars 2009 var honum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum um launakjör á framfæri við kjararáð. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um aukastörf og hlunnindi sem starfinu fylgdu. Saksóknarinn svaraði með bréfi dagsettu 17. mars 2009. Í bréfinu gerði hann grein fyrir ákvæðum laga um embættið. Embættið væri hliðsett héraðssaksóknara hvað ákærvald snerti en jafnframt hefði saksóknarinn allar heimildir lögreglustjóra. Embættinu væri ætlað að rannsaka umfangsmikil auðgunarbrot og eftir atvikum standa að saksókn vegna þeirra. Embættinu væri ætlaður stuttur líftími og skipunartími sérstaks saksóknara væri því stuttur. Honum væri gert skylt að birta einkaupplýsingar um fjármál sín og tengsl og verulegur ágangur fjölmiðla fylgdi starfinu. Embættið væri nýtt af nálinni og fælist talsverð vinna í því að koma því á laggirnar á sama tíma og tekist væri á við krefjandi rannsóknarverkefni. Móta þyrfti samstarf við áskilda samstarfsaðila. Sérstakur saksóknari færi sjálfur með fjármál og rekstur embættisins, en þar störfuðu nú alls 6 manns en fyrirleggjandi væru tillögur um verulega aukningu embættisins, allt upp í 20 manns. Starfið væri erfitt og krefjandi og krefðist mikils vinnuframlags og yrði yfirvinna og helgarvinna veruleg. Við mat á launakjörum teldi hann rétt að líta til launakjara dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur eða ríkissaksóknara og ekki hvað síst til þeirra sjónarmiða að búa þannig að starfskjörum hans að fjárhagslegt sjálfstæði hans væri tryggt. Ekki væri aukastörfum fyrir að fara meðan hann gegndi embættinu, nema að hann sæti í nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins sem lyki störfum fljótlega. Engin hlunnindi tengdust embættinu.

IV.

Eins og fram hefur komið gilda lög nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara en þau voru sett í desember 2008. Verkefni embættisins samkvæmt 1. gr. laganna er að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármagnsmarkaði, nr. 125/2008, og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði, hvort sem það tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn. Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taka meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins og vísað hefur verið til lögreglu. Hinn sérstaki saksóknari hefur eftir þörfum samstarf við framangreindar stofnanir. Er þeim skylt að veita honum upplýsingar um stöðu annarra mála en að framan greinir. Með lögum nr. 25/2009 sem samþykkt voru á Alþingi 25. mars 2009 voru heimildir embættisins til að kalla eftir upplýsingum og gögnum auknar, svo og skylda til að láta honum þær í té. Er fyrrnefndum stofnunum, svo og skilanefndum og öðrum sem vinna að greiðslustöðvun gert skylt að láta í té upplýsingar. Sama skylda hvílir á fjármálafyrirtækjum sem stofnuð voru um hluta af rekstri fjármálafyrirtækja á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008. Með gögnum er meðal annars átt við skýrslur, minnisblöð, bókanir og samninga. Skylt er að verða við kröfu hins sérstaka saksóknara um gögn, óháð þagnarskyldu (bankaleynd).

Í 2. gr. laganna segir að dómsmálaráðherra skipi sérstakan saksóknara og skuli hann veita forstöðu rannsóknar- og saksóknaraembætti. Hann skal fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Hann ræður annað starfsfólk embættisins. Skipun hins sérstaka saksóknara fellur niður þegar embættið er lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun. Hann hefur stöðu og almennar heimildir lögreglustjóra og ákærvald samkvæmt 1. gr. laganna. Staða hans skal vera hliðsett stöðu héraðssaksóknara. Ríkissaksóknari leysir úr ágreiningi sem kann að rísa um valdsvið hins sérstaka saksóknara. Í 3. gr. laganna segir að hinn sérstaki saksóknari skuli birta upplýsingar um fjárhagsleg málefni sín og fjölskyldu

sinnar og skulu upplýsingar miðast við síðustu fimm ár fyrir gildistöku laganna. Í 4. gr. segir að hinn sérstaki saksóknari geti leitað til sérfróðra aðila, innlendra og erlendra eftir því sem þurfa þykir. Í 7. gr. laganna segir að dómsmálaráðherra geti eftir 1. janúar 2011 lagt til við Alþingi, að fengnu álitu ríkissaksóknara, að embættið verði lagt niður.

V.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Embætti sérstaks saksóknara er nýtt eins og fram hefur komið. Það er stofnað við mjög sérstakar aðstæður. Verkefni embættisins eru umfangsmikil og flókin og má búast við að álag á saksóknarann verði mikið meðan embættið er til en það verður lagt niður þegar ekki er þörf fyrir það lengur. Hinn sérstaki saksóknari er hliðsettur héraðssaksóknara, en ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds og hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds hjá öðrum ákærendum. Kjararáð hefur nýlega tekið ákvörðun um lækkun launa embættismanna í samræmi við lög nr. 148/2008, þar á meðal um lækkun launa ríkissaksóknara. Við ákvörðun launa hins sérstaka saksóknara hefur kjararáð haft hliðsjón af heildarlaunum ríkissaksóknara eins og þau eru nú að teknu tilliti til stjórnskipulegrar stöðu sérstaks saksóknara og mikils álags sem vænta má að fylgi starfinu.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun sérstaks saksóknara skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

VI.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. febrúar 2009 skulu mánaðarlaun sérstaks saksóknara vera samkvæmt launaflokki 502-138, nú krónur 753.974. Að auki skal greiða honum 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör sérstaks saksóknara gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir